



**Ávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
við opnun  
ljósmyndasýningar Ragnars Axelssonar**

**VEIÐIMENN NORÐURSINS — ANDLIT ALDANNA**

**Gerðarsafni  
30. október 2010**

*Ávarpið var flutt blaðlaust.  
Endurrit af upptöku.*

Ágæti bæjarstjóri  
Kæri Ragnar og fjölskylda  
Góðir gestir

Hingað kom í gær Michel Rocard, sérstakur sendimaður Sarkozy forseta Frakklands í málefnum heimskautanna. Í síðasta mánuði var haldin í Moskvu mikil ráðstefna um framtíð Norðurskautsins. Fyrir fáeinum vikum sóttu heim Ísland sendimenn Heimskautastofnunar Kína. Ríkisstjórn Noregs tilkynnti að hún ætlaði að verja rúmum milljarði norskra króna í rannsóknir og önnur viðfangsefni á Norðurslóðum.

Hvers vegna tel ég þetta upp hér? Jú, ríki heims hafa á allra síðustu árum sett Norðurskautið, heimskautasvæðin á dagskrá með nýjum hætti. Við sjáum hvernig fulltrúar þeirra eru að hasla sér völl við borðið og ætla að ráðstafa orkulindum, skipuleggja siglingaleiðir og taka aðrar ákvarðanir um örlög Norðurslóða.

Þá gleymist stundum að löngu, löngu áður en þessi ríki voru sett á stofn hafði fólk búið á þessum slóðum um aldir og árþúsundir og býr enn; fólkið sem litið hefur á Norðrið sem heimkynni sín; fólkið sem glímt hefur við kuldann og veturinn, ísinn og harðneskjuna og lifað af.

Við getum lesið í fornum íslenskum bókum frásagnir af því þegar þeir sem áður bjuggu hér héldu í vestur, hittu þetta fólk og hófu sambúð með þeim um stund. Ég segi um stund vegna þess að sá tími – um fjögur hundruð ár sem íslenska byggðin var á Grænlandi, er stuttur tími í mörg þúsund ára sögu Norðurslóða sem fólkið, frumbyggjarnir, geta sagt frá.

En nú er þessi saga kannski senn á enda. Ísinn er að hverfa og lífsskilyrði sem fólkið hefur búið við eru að taka stökkbreytingum. Hvers vegna? Vegna okkar. Það er að einhverju leyti vegna þess sem við höfum gert, íbúar Evrópu og Bandaríkjanna og annarra heimshluta. Vegna þess að við höfum með lífsháttum okkar breytt andrúmsloftinu á þann veg að loftslagið er að taka stökkbreytingum og ísinn er að hverfa; þar með sú byggð sem í árþúsundir hefur sett svip á Norðurslóðir.

Við lesum í Gamla testamentinu um ættbálka gyðinga og nemum þær fornu sögur. Það fólk var uppi þegar íbúar Norðursins bjuggu með sama hætti og þeir búa enn. Við getum rétt gert okkur í hugarlund hvernig það væri fyrir okkur að hafa ljósmyndir, hafa túlkun listamanns sem notað hefði myndavélina til að skrá sögu Gamla testamentisins og sýnt ættbálkana þar á annan hátt en gert var í þeim bókum.

Það er einmitt það sem Ragnar hefur gert varðandi fólkið á Norðurslóðum. Það er fólkið sem nú býr við þá baráttu að við öll, heimsbyggðin, erum að umturna lífi þess. Þær ljósmyndir sem við sjáum hér í dag og bókin sem hefur verið gefin út eru ekki aðeins tímamótaverk í sögu íslenskrar ljósmyndunar heldur líka mikið baráttuverk, verk með

sterkan og öflugan boðskap sem ég er sannfærður um að fólk víða um heim mun skoða af athygli, taka mið af og íhuga.

Þetta mikla verk er afrakstur nokkurra áratuga áræðis. Ragnar hélt í norður, tamdi sér lífshætti frumbyggjanna, beitti myndavélinni á þann hátt sem við sjáum hér í dag.

Ég vil þakka Ragnari fyrir þetta framlag, ekki aðeins fyrir þá frábæru list og þá sýn sem hér birtist á veggjum og í bókinni, heldur líka fyrir boðskapinn, fyrir að hafa lagt okkur til það öfluga málflutningstæki sem felst í þessari sýningu. Málflutningstæki sem snertir okkur öll, vegna þess, eins og ég sagði áðan, að athafnir okkar og annarra íbúa hinna þróuðu landa hafa búið til þau tímamót að árþúsunda menning er nú í hættu.

Kannski mun hún bara lifa í þessum myndum ef við höldum áfram okkar daglega lífi eins og við höfum gert til þessa. Kannski verður ekkert eftir, eftir tíu eða tuttugu ár af þúsund ára menningu þessa fólks nema þessar myndir.

Það væri dapurlegur endir á langri sögu en það er líka vitnisburður um það einstæða verk sem við sjáum hér í dag; það er Ragnar sem hefur gert það að verkum að þessi menning mun ekki gleymast. Hún birtist okkur hér á veggjum Gerðarsafns og birtist okkur í þeirri frábæru bók sem hefur verið gefin út. En umfram allt þarf hún að verða okkur áminning um að við berum öll ábyrgð á Móður Jörð. Enginn okkar getur vísað frá sér ábyrgðinni á lífi þess fólks sem við sjáum hér á veggjunum.

Með þeim orðum lýsi ég því yfir að þessi einstæða sýning, þetta merka framlag til umræðunnar um loftslagsbreytingar og Norðurskautið og líf fólksins sem þar hefur búið í árþúsundir, er hér með opnuð.